

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

15. apríl 2026

Mál nr. E-93/2024

Straumbrot ehf.

(Jónatan Hróbjartsson lögmaður)

gegn

Al Álvinnslu ehf.

(Friðbjörn Garðarsson lögmaður)

og TM tryggingum hf. til réttargæslu

(enginn)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari
Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari
Sigurður Grímsson rafmagnstæknifræðingur

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 15. apríl 2025

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta var höfðað 5. mars 2024. Stefnandi er Straumbrot ehf., ..., ..., og stefndi er Alur Álvinnsla ehf., ..., ..

2. Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 18.363.504 kr. ásamt dráttarvöxtum af 15.640.506 kr. frá 31.3.2023 til 31.10.2023 en af 18.207.178 kr. frá þeim degi til 30.11.2023 en af 18.363.504 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

3. Stefndi krefst sýknu en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

4. Með úrskurði dómsins 27. ágúst 2024 voru gegn andmælum stefnanda dómkvaddir tveir matsmenn samkvæmt matsbeiðni stefnda. Matsstörf töfðust nokkuð og m.a. þurfti að skipa nýjan matsmann vegna forfalla annars auk þess sem viðbótarspurningu var bætt inn í matið. Matsgerð var lögð fram 1. desember sl. Aðalmeðferð málsins fór fram miðvikudaginn 18. mars sl. og málið dómtekið þann dag.

5. Við upphaf aðalmeðferðar tóku sæti í dómnum Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari og Sigurður Grímsson rafmagnstæknifræðingur. Við aðalmeðferð gáfu skýrslu fyrir dómi Hróbjartur Lúthersson, forsvarsmaður og stjórnandi verksins, af hálfu stefnanda, Brynja Eggertsdóttir Silness, framkvæmdastjóri stefnda, dómkvaddir matsmenn þeir Símon R. Unndórsson rafmagnstæknifræðingur og Kjartan Hrafn Helgason véltæknifræðingur, Joseph Hughes efnaverkfræðingur, starfsmaður á verkstað, Gunnar Már Þórðarson verktaki sem kom að framkvæmdum og Douglas Máni Bichard, starfsmaður stefnanda.

6. Stefnandi hefur stefnt TM tryggingum hf. til réttargæslu í málinu en félagið hefur ekki látið málið til sín taka; gerir engar kröfur og engar kröfur eru gerðar á hendur félaginu.

II. Málsatvik

7. Stefnandi er fyrirtæki á sviði rafmagnsþjónustu og starfa fagmenntaðir rafvirkjar hjá stefnanda sem og ófaglærðir. Stefndi er félag sem endurvinnur álgjall sem fellur til við frumframleiðslu áls hjá álfyrirtækjum í landinu, en félagið hefur einnig endurunnið ál úr öðrum álríkum eignum.

8. Síðla árs 2022 flutti stefndi til landsins sk. *Saltramex*-búnað og hluti sem því tengjast. Búnaðurinn kom frá *Ultromex Ltd.* í Bretlandi, en fulltrúar þess félags komu að uppsetningu búnaðarins og stýrðu framkvæmdum.

9. Úr varð að stefnandi tók í febrúar 2023 að sér rafmagnsvinnu í tengslum við uppsetningu á þessum búnaði á starfsstöð að Grundartanga, Hvalfirði. Áður mun Hróbjartur Lúthersson, fyrirvarsmaður stefnanda, hafa setið fundi og skoðað teikningar vegna verksins. Verkinu átti að sögn stefnda að vera lokið um miðjan marsmánuð 2023 en stefndi kveður stefnanda hafa ofmetið hæfni félagsins og starfsmanna þess og verkið hafi af þeim sökum tafist um marga mánuði. Greinir stefndi frá því að fulltrúi *Ultromex* hafi þegar leið á verktímann greint frá því að reynsluleysi væri áberandi hjá starfsmönnum stefnanda og skort hafi á samskipti og verkstjórn. Stefnandi vísar á bug öllum staðhæfingum stefnda um meint reynslu- og þekkingarleysi starfsmanna stefnanda og rekur tafir á verkinu til þess að það hafi verið flóknara og umfangsmeira en gert hafi verið ráð fyrir.

10. Tönkum, öðrum lögnum en raflögnum og öðrum hlutum var komið fyrir á verkstað af starfsmönnum söluaðilans *Ultromex* ásamt öðrum verktökum á vegum stefnda. Stefnandi vann viðeigandi og nauðsynlega rafmagnsvinnu eftir því sem verkinu vatt fram og verksmiðjubúnaður var varanlega uppsettur svo tengja mætti hann við rafmagn. Alls tók verkið um sjö mánuði.

11. Í tengslum við uppsetningu á nýjum spennu hjá stefnda varð að sögn stefnda bæði rof og flökt á rafmagnu og hafi verksmiðjan verið án rafmagns til framleiðslu 2.–9. maí 2023, en þetta hafi síðar verið rakið til mistaka starfsmanna stefnanda við tengingar. Stefnandi hafi ekki enn fengið bætt nema hluta af beina tjóninu sem af þessu hafi hlotist og t.a.m. engar bætur fyrir rekstrarstöðvun vegna þessa.

12. Þegar stefnandi hafði lagfært tengingar hafi spenna verið allt of há. Það hafi leitt til þess að sögn stefnda að iðntölva og tölvubúnaður í verksmiðjunni skemmdist. Hleðslutæki fyrir fjarstýringu ofns og prentari hafi einnig eyðilagst. Tjón vegna tölvu og tölvubúnaðar hafi verið bætt en nokkur kostnaður til viðbótar hafi hlotist af þessu sem sé óbættur.

13. Þegar nokkuð var liðið á verktímann óskaði stefndi eftir því við stefnanda að sk. samblöndunartankur, sem hafði verið uppsettur á starfsstöð stefnda, yrði raftengdur svo hann væri reiðubúinn til notkunar. Téður tankur er u.þ.b. tveir metrar að hæð og einn og hálfur að breidd. Ofan á tankinn kemur svo mótör og viðeigandi búnaður og svo fætur neðan á hann, þannig að heildarhæð er u.þ.b. þrjú metrar. Ofan á tankinum er sk. mannop, sem gerir kleift að farið sé ofan í tankinn til athafna. Vinna við raftengingu tanksins fór að

sögn stefnanda að öllu leyti fram við tankinn að utanverðu og áttu starfsmenn því að sögn stefnanda ekkert erindi ofan í tankinn við það verk. Eftir að raftengingu lauk hafi mótörinn ofan á tankinum verið gangsettur örstutt til þess að staðreyna hvort hann virkaði með fullnægjandi hætti. Við þá straumgjöf hafi komið í ljós að mótörinn gekk og raftengingin væri því virk. Hafi verkinu þá verið lokið og stefnda tilkynnt um það.

14. Um það bil tveimur mánuðum eftir að raftengingu samblöndunartanksins lauk hafi verkefnastjóri stefnanda að sögn orðið vitni að því þegar framkvæmdastjóri stefnda fór ofan í samblöndunartankinn til þess að fjarlægja flutningsstífur sem voru ofan í tankinum. Flutningsstífur séu, eðli málsins samkvæmt, aðeins notaðar við flutning á tönkum af þessu tagi milli staða enda sé tilgangur með notkun þeirra sá að tryggja að keramikhúð [e. glass-lining] á innanverðum tanki verði ekki fyrir hnjaski meðan á flutningi stendur. Að flutningi loknum og áður en tankur er gangsettur til notkunar beri að fjarlægja flutningsstífur og annað sem er óviðkomandi venjulegri notkun tanksins, í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda þar um. Starfsmanni stefnanda hafi því komið á óvart að flutningsstífur hefðu þá þegar ekki verið fjarlægðar úr tankinum og þá áður en stefndi hafi óskað eftir raftengingu tanksins. Tankurinn hafði þarna verið uppsettur og tilbúinn til raftengingar um nokkurt skeið og starfsmenn stefnanda kveðast því enga ástæðu hafa haft til þess að ætla annað en að flutningsstífur hefðu verið fjarlægðar úr tankinum, eins og venja standi til. Það teljist enda ekki til verksviðs rafvirkja að gæta sérstaklega að því að eigandi slíks tanks hafi fjarlægt lausa og óviðkomandi hluti úr honum þegar hafist sé handa um raftengingu og notkun á tankinum.

15. Stefndi lýsir aðdraganda þessa með nokkuð öðrum hætti og kveður starfsmenn stefnanda hafa verið meðvitaða um að flutningsstífur væru ofan í efnatankinum sem séu sambærilegar við flutningsstífur í þvottavélum, enda hefðu þeir bæði fengið upplýsingar um það og jafnframt litið ofan í tankinn. Það hafi því komið fulltrúa Ultromex verulega og óþægilega á óvart þegar hann hafi gengið um verksmiðjuna með Hróbjarti, fyrirsvarsmanni stefnanda, þann 31. júlí 2023, að Hróbjartur hafi gangsett hræru efnatanksins, þvert á fyrirmæli, heimildir og skyldur og án þess að nokkurt tilefni væri til. Þetta hafi verið gert áður en tankurinn var tekinn í notkun og flutningsstífur því ekki verið fjarlægðar. Fulltrúi Ultromex hafi beðið Hróbjart umsvifalaust að slökkva á hrærunni. Í kjölfarið hafi komið á daginn að þetta hafi ekki verið í fyrsta sinn sem starfsmenn stefnanda ræstu hræru tanksins.

16. Eftir töku á flutningsstífunum úr tankinum staðhæfði framkvæmdastjóri stefnda að rispur væru á innanverðum tankinum og væri hann því tjónaður. Var því haldið fram að það tjón mætti rekja til ræsingar mótorsins í tankinum í kjölfar raftengingar og jafnframt að ræsing mótorsins þegar flutningsstífur væru ofan í tankinum hefði verið handvömm af hálfu starfsmanna stefnanda. Þessu kveðst stefnandi hafa hafnað

en stefndi heldur því þvert á móti fram að eftir að tjónið hafi komið í ljós hafi stefnandi fallist á ábyrgð sína og samþykkt að bæta tjón sem af þessu hlytist.

17. Stefndi gerði kröfu í ábyrgðartryggingu stefnanda hjá TM á þeim grundvelli að starfsmenn stefnanda hefðu valdið því að *sérhæfður tankur skemmdist mikið og er talinn ónýtur*. Engin gögn voru þó á þeim tíma lögð fram um umfang tjónsins. Eftir skoðun á málinu hafnaði TM bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnanda á þeim grunni að ekki væri sýnt fram á að tjón yrði rakið til háttsemi starfsmanna stefnanda. Stefndi sendi lokareikninga vegna verksins í kjölfarið.

18. Stefndi hefur neitað að greiða reikninga stefnanda vegna verksins og raunar annarra verka á þeim grunni að stefnandi hafi valdið bótaskyldu tjóni á tankinum. Stefndi gerði athugasemd við tímafjölda sem skráður var á raftengingarvinnu við tankinn og féllst stefnandi á að lækka reikninginn og var því gefinn út kreditreikningur á móti því. Þrátt fyrir það hefur stefndi neitað greiðslu.

III. Málsástæður og lagarök stefnanda

19. Stefndi byggir á því að milli hans og stefnda hafi verið gerður verksamningur um alla nauðsynlega rafmagnsvinnu í tengslum við uppsetningu á téðum tanki og öðru því sem laut að uppsetningu viðeigandi búnaðar að starfsstöð stefnda á Grundartanga, Hvalfirði. Enginn ágreiningur sé um það. Endurgjald það sem stefnandi krefji stefnda um sé og í samræmi við verksamninginn og geti vart verið ágreiningur um fjárhæð verklaunanna sem slíkra. Því beri stefnda að greiða umkrafin verklaun auk vaxta og kostnaðar í samræmi við skyldur sínar samkvæmt verksamningnum.

20. Stefndi hafi hafnað greiðsluskyldu á þeim grunni að hann eigi bótakröfu á hendur stefnanda til skuldajafnaðar sem grundvallist á ætluðum ólögætum og saknæmum vinnubrögðum starfsmanna stefnanda við raftengingu á téðum samblöndunartanki. Hafi stefndi gert kröfu í ábyrgðartryggingu stefnanda hjá TM sem hafi með réttu hafnað bótaskyldu stefnanda enda hafni stefnandi því alfarið að bera ábyrgð á meintu tjóni stefnda.

21. Stefndi telji ósannað að tjón hafi orðið á tankinum sem rekja megi til stefnanda og í hvaða mæli meint tjón eigi að hafa orðið. Liggi ekkert fyrir um það í hvaða ástandi tankurinn hafi verið þegar hann var uppsettur á starfsstöð stefnda, þ.e. hvort meintar rispur hafi þá verið til staðar en verið gæti að lauslega festar flutningsstífur hafi valdið tjóni í flutningi, eða eitthvað annað sem kynni að hafa verið í tankinum meðan á flutningi hans stóð.

22. Hafi rispur á innanverðum tankinum orsakast af ræsingu mótorsins við raftengingu byggi stefnandi á því að stefndi beri alla ábyrgð á uppsetningu tanksins og undirbúningi hans fyrir raftengingu til notkunar. Hafi stefnda sem eiganda og umráðaaðila borið að gæta þess að flutningsstífur væru ekki ofan í tankinum ef þær gætu valdið skemmdum á honum við raftengingu. Geti stefndi ekki einhliða yfirfært skyldur sínar um forsvaranlegan undirbúningsfrágang á tankinum til raftengingar á stefnanda við það eitt að stefnandi hafi fallist á að raftengja tankinn. Það sé enda venja í öllum sambærilegum aðstæðum að sá sem flytji tæki milli staða, sem skuli tengja við vatn eða rafmagn, gangi frá viðkomandi tæki þannig að sérfróðir tengiaðilar geti tengt það án þess að gæta að öðrum óviðkomandi þáttum. Hafi stefnda því borið að gæta að því að farið yrði eftir venjum og leiðbeiningum um undirbúning fyrir notkun tanksins og sé það á ábyrgð stefnda að flutningsstífur hafi ekki fjarlægðar úr tankinum áður en hann var raftengdur til notkunar. Stefnandi bendi á að stefndi sé sérfróður um starfrækslu tanka af þessu tagi og viti eða megi vita hvernig undirbúa skuli þá undir notkun.

Kröfufjárhæð

23. Stefnandi kveður þrjá reikninga á hendur stefnda vera í vanskilum, reikning nr. 5085 að fjárhæð 17.270.394 kr. með gjalddaga 31.3.2023, reikning nr. 5367 að fjárhæð 2.566.672 kr. með gjalddaga 31.10.2023 og loks reikning nr. 5403 að fjárhæð 156.326 kr. með gjalddaga 30.11.2023. Þann 26.10.2023 hafi stefnandi gefið út kreditreikning nr. 5353 að fjárhæð 1.629.888 kr. sem komi til frádráttar. Samtals séu því til greiðslu 18.363.504 kr. Efni og vinna sem krafist sé greiðslu fyrir sé ítarlega sundurliðuð í framan-greindum reikningum. Stefnandi hafi aldrei mótmælt reikningunum efnislega en neitað greiðslu einvörðungu á grundvelli meintrar gagnkröfu vegna tjóns á fyrrgreindum tanki, sbr. framangreint.

IV. Málsástæður og lagarök stefnda

Aðalkrafa um sýknu

24. Stefnandi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að krafa stefnanda sé úr hófi og ekki í samræmi við meginreglur verktakaréttar um að sanngjarnt endurgjald skuli lagt til grundvallar ef ekki er um það sérstaklega samið, sbr. til hliðsjónar 45. gr. lausafjárkaupalaga, nr. 50/2000. Telur hann þessa málsástæðu fá stuðning í matsgerð málsins.

25. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á skýlausum rétti til skuldajafnaðar, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, enda eigi stefndi rétt til skaðabóta úr hendi stefnanda skv. reglum skaðabótaréttar. Starfsmenn stefnanda hafi með saknæmri og ólögumætri háttsemi valdið stefnda tjóni oft en einu sinni. Það tjón sem af hafi hlotist hafi staðið í beinum orsakatengslum við þá háttsemi og um leið

verið óumflýjanleg afleiðing. Stefnandi beri bótaskyldu á því tjóni gagnvart stefnda á grundvelli húsbónda-ábyrgðar og í því sambandi verði jafnframt litið til strangrar sérfræðiábyrgðar stefnanda og starfsmanna hans. Framlögð matsgerð staðfesti að tjón stefnda sé hærra en stefnukröfur málsins og því beri að sýkna stefnda á grundvelli skuldajafnaðar.

Lækkun höfuðstóls kröfu stefnanda

26. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi notast við lítt lærða starfsmenn sem unnið hafi við verkið löngum stundum á minni afköstum en við hafi mátt búast og gera kröfu um. Samkvæmt skýrslum með reikningum hafi 11 rafvirkjar stefnanda unnið við verkið. Skoðun leiði í ljós að einungis fjórir þessara starfsmanna hafi sveinsréttindi í rafvirkjun, þ.e. Arnór Harðarson, Ármann Ólafur Kristjánsson, Sveinn Dagbjartur Sigurðsson og fyrirsvarsmáður stefnanda, Hróbjartur Lúthersson, en hann hafi lítið unnið við verkið. Þeir tveir fyrstnefndu hafi þá ekki fengið sín sveinsréttindi fyrr en 15. júní 2023.

27. Reikningar og tímaskýrslur bendi til þess að ekkert tillit hafi verið tekið til þessa við reikningagerð, eða skorts á verkstjórn og skipulagi. Afleiðingin sé sú að krafa um verklaun sé til muna hærri en sanngjarnt geti talist.

Tjón á efnatanki

28. Stefndi byggir á því að fullljóst sé að það tjón sem orðið hafi á efnatanki hans hafi orðið við það að fulltrúar stefnanda ræstu hræru tanksins á meðan flutningsstífur voru þar enn innanborðs og sú háttsemi hafi skemmt hluti innan tanksins og húðun á yfirborði þeirra hluta hans. Þá sé ótvírætt að tjón á tankinum hafi ekki orðið við flutning heldur við ótímabæra ræsingu. Þessu til stuðnings séu til viðbótar framlagðar ljósmyndir. Ágreiningur málsins sem að þessu lýtur varði því að mati stefnda fyrst og fremst hvort sú háttsemi starfsmanna stefnanda að ræsa hræru tanksins áður en flutningsstífur voru fjarlægðar verði virt honum til sakar og bótaskylda viðurkennd af þeim sökum.

29. Við mat á framangreindu leggi stefndi áherslu á að fulltrúi stefnanda hafi setið fundi vegna þess verks sem hann tók að sér fyrir stefnda. Þeir fundir hafi m.a. verið með fulltrúum frá stefnda og þeim sem stóðu að verkefninu fyrir hönd Ultromex. Fulltrúar stefnanda hafi verið vitni að því þegar sá efnatankur sem um ræðir hafi verið hífður á sinn stað og rætt hafi verið um hvernig frá honum hafi verið gengið, m.a. hvað flutningsstífur varðaði. Fulltrúi stefnanda hafi þá einnig litið sérstaklega ofan í tankinn á fyrri stigum, barið augum þær flutningsstífur sem voru á hrærubúnaði og fengið vitneskju um að þær þyrfti að fjarlægja áður en til ræsingar kæmi þegar tankurinn væri tekinn í notkun. Þá hefðu fulltrúar stefnanda unnið í rýminu þar

sem tankinum var fyrir komið og ekkert hafi því gefið stefnanda tilefni til að ætla annað en að flutningsstífur væru enn í tankinum.

30. Stefndi leggi áherslu á að stefnandi hafi enga heimild haft til að ræsa hræru efnatanksins. Fulltrúar Ultromex hafi stýrt uppsetningu og frá fyrsta degi verið ljóst að engir hlutar búnaðarins yrðu með nokkrum hætti prófaðir án þess að þeir myndu fara yfir allt sem að búnaði laut og það yrðu jafnframt fulltrúar Ultromex sem myndu að endingu taka ákvörðun um hvenær búnaðurinn eða einstakir hlutar hans yrðu ræstir og prófaðir að úttekt lokinni. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að venja sé að flutningsaðili tanks af því tagi sem um ræðir skuli fjarlægja flutningsstífur áður en unnt sé að standa að raftengingum.

31. Stefndi telur að sök stefnanda fái styrka stoð í 4. tlf. II. kafla tjónstilkynningar stefnanda, en þar segi orðrétt: *Tjónvaldur fór og vann hefðbundna vinnu en sá ekki og vissi ekki af flutningsstífum sem voru inni tankinum og ollu tjóninu. Tjónvaldur leit ofaní tankinn í gegnum mannop fyrir prófun á virkni.* Fullyrðingar sem fram komi í þessari tilkynningu frá stefnanda sjálfum um að starfsmaður hans hafi ekki séð eða vitað af flutningsstífum séu þó beinlínis rangar. Ef tilvísun stefnanda sé til komin vegna þess að samskipti hafa ekki átt sér stað milli starfsmanna stefnanda sem að verkinu komu, þá sé slíkt algerlega á ábyrgð stefnanda. Útlistanir stefnanda á atvikum og skorti á eigin sök, sem grein sé gerð fyrir í stefnu, séu ekki annað en eftiráskýringar sem hafi á sér ólíkindablæ.

32. Um tjón sem af þessari háttsemi hafi hlotist vísar stefndi í greinargerð sína til dómsins en einkum þó og sér í lagi til framlagðrar matsgerðar. Stefnandi verði að bæta tjón sem hljótist af þeirri stöðvun eða þeim hléum sem verða á rekstri vegna viðgerðar og/eða endurbóta á tankinum. Bótakrafa stefnda sé gjaldkræf frá tjónsdegi og hæf til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda. Til að gæta fyllstu sanngirmi miðar stefndi gjalddaga við síðasta skiptið sem stefnandi hafi ræst hræru tanksins sem var 31. júlí 2023.

Beint tjón og tjón vegna rekstrarstöðvunar 2.–9. maí 2023

33. Verksmiðja stefnda hafi, sbr. framangreint og gögn málsins, verið án rafmagns dagana 2.–9. maí 2023 vegna mistaka starfsmanna stefnanda. Þegar búíð hafi verið að lagfæra rangar tengingar og rafmagn komst aftur á verksmiðjuna hafi spenna verið of há og skemmdir orðið á búnaði. Bótaskylda stefnanda hafi verið viðurkennd, en beint tjón ekki bætt að fullu og vísist þar til kostnaðar vegna kaupa á prentara og hleðslutæki fyrir fjarstýringu ofns, en hvort tveggja hafi eyðilagst. Stefndi hafi lagt út fyrir þeim búnaði og nemi kostnaður samtals 88.412 kr. Þá hafi fallið til 322.400 kr. kostnaður vegna þess að stefnandi hafi þurft að kalla til utanaðkomandi sérfræðinga vegna þessa sem gert hafi stefnda reikninga, sbr. framlögð gögn.

Stefndi eigi rétt til bóta úr hendi stefnanda vegna þessa tjóns og sé sú krafa gjaldkræf og hæf til að mæta kröfum stefnanda.

34. Framangreind rekstrarstöðvun hafi jafnframt leitt til óbeins tjóns hjá stefnda. Tjónið hafi falist í því að stefndi hafi setið uppi með starfsmenn á launum sem hafi ekki getað staðið að vinnslu, sbr. nánari útlistun í greinargerð og matsgerð.

Tjón á vagni

35. Í málsatvikalýsingu sé vikið að handvömm á verki stefnanda í tengslum við skynjara og rafmagnspátt vagns fyrir hreinsivirki. Mistök stefnanda hafi leitt til þess að stopp vagnsins hafi ekki virkað sem skyldi og valdið skemmdum. Kostnaður við viðgerð vagnsins og það sem honum tengdist vegna þessa hafi numið 159.960 kr. Stefndi leggi fram reikning Gunnars Mús Þórðarsonar vegna vinnu hans í júlímánuði 2023 fyrir stefnda og sundurliðun hans á þeim þætti reikningsins sem að þessu líti og nemi framangreindri fjárhæð. Í þessu felist tjón sem stefnandi sé ábyrgur fyrir vegna eigin mistaka og sé krafan gjaldkræf og hæf til að mæta kröfum stefnanda.

36. Þær kröfur sem stefndi skuldajafnar móti kröfum stefnanda nema samtals 19.483.058 kr., sbr. framlagða bókun stefnda 26. janúar sl., sem tók mið af niðurstöðum framlagðrar matsgerðar. Sú fjárhæð er hærri en stefnukröfur og muni þar 1.119.554 kr. Þetta leiði til þess að sýkna beri stefnda hvernig svo sem á málið verði litið.

Varakrafa um lækkun dómkrafa stefnanda

37. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda krefst hann lækkunar á dómkröfum stefnanda. Vísist þar til sömu sjónarmiða og þegar eru rakin.

Sérstaklega um dráttarvaxtakröfu

38. Dómkröfur stefnanda miðist við að kröfur hans beri dráttarvexti frá útgáfudegi reikninga. Með vísan til þess sem að framan er rakið telur stefndi einsýnt að ekki sé unnt að fallast á það. Vísast í því sambandi m.a. til þess að stefnandi hafi fallist á að kröfu hans yrði ekki beint að stefnda á meðan beðið væri greiðslu frá váttryggingafélagi stefnanda. Dráttur á afgreiðslu málsins þar hafi orðið talsverður og kröfu að endingu hafnað vegna rangrar lýsingar stefnanda á atvikum, þótt sannarlega yrði sök af henni ráðin, sbr. fyrri umfjöllun.

Samantekt stefnda á kröfum sínum til skuldajafnaðar

39. Eftir að matsgerð lá fyrir, sbr. kafla V, lagði stefndi fram bókun þar sem hann sundurliðar kröfur sínar á hendur stefnanda sem hann telur að séu færar til að mæta eftir atvikum viðurkenndum kröfum stefnanda til skuldajafnaðar. Þær sundurliðast þannig að krafist er lækkunar á höfuðstól krafna stefnanda sem nemur 922.464 kr. vegna of háa endurgjalds, sbr. niðurstöðu úr fyrstu matsspurningu, sbr. umfjöllun um matsgerð hér á eftir. Þá nemur gagnkrafa skv. spurningu nr. 3 vegna viðgerðar á efnatanki 13.398.571 kr. Tjón vegna rekstrarstöðvunar eða röskunar dagana 2.–9. maí 2023 nemi 3.263.451 kr., sbr. neðangreint og matsspurningu 4, og að lokum nemi óbætt tjón samkvæmt matsspurningu 5, 88.412 kr.

40. Til viðbótar þessum fjárhæðum komi svo reikningar matsmanna sem séu hluti kostnaðar sem hlotist hafi af því að sannreyna tjón og hafa skaðabótakröfu uppi. Þeir nemi að samtölu 1.810.160 kr. Kröfur stefnda sem komi til lækkunar ellegar skuldajafnaðar nemi skv. framangreindu 19.483.058 kr., þ.e. 1.119.554 kr. hærri fjárhæð en nemi höfuðstól stefnufjárhæðar.

V. Matsgerð

41. Þann 22. október 2024 voru þeir Símon R. Unndórsson rafmagnstæknifræðingur og Karl Ottó Karlsson, viðskiptafræðingur og vélfræðingur, dómkvaddir til að framkvæma mat á grundvelli matsbeiðni stefnda. Í þinghaldi 24. janúar 2025 var Karl leystur frá störfum að eigin ósk vegna veikinda. Var þá Kjartan Hrafn Helgason véltæknifræðingur skipaður í hans stað. Matsgerð var lögð fyrir dóminn í þinghaldi 1. desember sl.

42. Fyrir matsmenn voru lagðar fimm matsspurningar eftir að ein var dregin til baka. Sú fyrsta var um hvort endurgjald stefnanda fyrir verkið væri sanngjarnt og eðlilegt. Þar lagði stefndi m.a. áherslu á að stór hluti af vinnunni hefði verið unninn af ófaglærðum mönnum. Niðurstaða matsmanna var sú að tímagjald, hvort sem var hjá faglærðum eða ófaglærðum, hafi ekki verið óvenjulegt og að álagning á efni hafi verið eðlileg en tímaskráning í efri kantinum sem ætti sér þó skýringar. Þessar stærðir voru bornar saman við ákvæðisgrundvöll rafvirkja og var þá stefnufjárhæðin, að teknu tilliti til 20% álags og óvissu, talin um 5,3% hærri en leiddi af ákvæðisgrundvöllinum. Ekki væri þó um nákvæman samanburð að ræða þar sem verkið var unnið í reikning og vegna aðstæðna á verkstað. Því varð niðurstaðan eftirfarandi: *Matsmenn telja að hér sé ekki um bersýnilega óeðlilegt endurgjald að ræða, fjöldi vinnustunda er í efri kantinum en lítil sem engin álagning er á efni.*

43. Í öðru lagi var spurt um vinnu við efnatankinn, þ.e. að lagt yrði mat á það hvort faglegt verklag við tengingu hans tæki til þess að ræsa hræru tanksins. Þar töldu matsmenn að verktaka bæri almennt að gæta að sér áður en slík tæki væru ræst en að verkkaupi eða fulltrúi hans ætti að útvega fullnægjandi upplýsingar

um uppsetningu, tengingu og ræsingu tækis. Niðurstaða matsmanna varð þessi: *Rafverktaki hefði átt að hafa frekari upplýsingar frá framleiðanda efnatanks eða huga betur að hugsanlegum afleiðingum áður en hann ræsti mótorinn fyrir efnatankinn.*

44. Í þriðja lagi var spurt um tjón á efnatankinum, bæði kostnað við úrbætur og kostnað við að fá nýjan tank. Lögð var áhersla á að metið yrði tjón vegna rekstrarstöðvunar sem hlytist af viðgerðum og annarra tafa vegna þeirra. Að gefnum ákveðnum forsendum, sem ekki er ástæða til að taka upp hér, mátu matsmenn áætlaðan kostnað vegna viðgerðar á efnatanki 13.398.571 kr. með virðisaukaskatti en kostnað vegna endurnýjunar 52.516.918 kr. með virðisaukaskatti. Samantekin niðurstaða matsmanna varð þessi: *Staðfest er að tjón er á efnatanki matsbeiðanda. Eðli tjónsins er staðbundin skemmd í glerhúðun tanksins að innanverðu, glerhúðin er nauðsynlegt varnarlag gegn tæringu. Matsmenn telja skemmdina til komna við ótímabæra gangsetningu á rafmótor fyrir hræru í tanki, gangsetning sem framkvæmd var af rafvirkja matsþola, Straumbrots ehf áður en flutningsstífur í tanki voru fjarlægðar. Um er að ræða gat í glerhúð sem unnt er að lagfæra á staðnum á viðurkenndan hátt. Rekstrarstöðvun vegna tafa á gangsetningu, úttekta og viðgerðar er áætluð 12 dagar og tímabil rekstrar með 50% afköstum áætlað 4 mánuðir. Kostnaður vegna viðgerðar er aðeins brot af kostnaði við kaup á nýjum tanki og uppsetningu. Rekstrarstöðvun vegna tafa á gangsetningu, uppsetningar á nýjum tanki er áætluð 14 dagar og tímabil rekstrar með 50% afköstum áætlað 6 mánuðir.*

45. Í fjórða lagi var spurt um tjón vegna rekstrarstöðvunar 2.–9. maí 2023 á efnatankinum. Þar var staðfest stöðvun á rekstri og framleiðslu áls vegna rafmagnsleysis í maí 2023. Talið var að helsti kostnaður stefnda vegna þessa hafi legið í auknu vinnuframlagi í maí og júní til að vinna upp framleiðslutap og var áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis í maí 2023 3.263.451 kr. Niðurstaða matsmanna: *Matsmenn telja matsbeiðanda hafa borið kostnað vegna rafmagnsleysis í maí 2023. Kostnaður felst fyrst og fremst í launakostnaði vegna vinnu starfsmanna matsbeiðanda sem þurfti að vinna upp framleiðslutap í rafmagnsleysi.*

46. Að síðustu var spurt um beint tjón vegna skemmda á tækjabúnaði matsbeiðanda/stefnda, vegna bilana sem stefndi telur að hafi leitt af vinnu stefnanda. Vegna aðkomu tryggingafélags og lagfæringa stefnanda sjálfs vegna mistaka stóð einungis eftir kostnaður vegna hleðslutækis fyrir fjarstýringu ofns og varð niðurstaða þessa matsliðar: *Matsþoli ber ábyrgð á tjóni vegna skemmda á tækjabúnaði matsbeiðanda og ber að mati matsmanna að greiða reikning m. vsk. 88.412 kr.*

47. Matsmenn komu báðir fyrir dóminn, sbr. framangreint, og staðfestu matsgerðina. Framburðar þeirra verður getið í niðurstöðukafla ef ástæða þykir til.

VI. Niðurstaða

48. Mál þetta er rekið vegna ógreiddra reikninga sem stefnandi hefur gefið út á hendur stefnda. Eins og að framan greinir er meginmálsástæða stefnda til stuðnings sýknukröfu í málinu sú að hann telur að starfsmenn stefnanda hafi valdið stefnda stórfelldu tjóni við framkvæmd verksins og bótakrafa vegna þess nemi a.m.k. sömu fjárhæð og stefnukröfur málsins. Kröfum þessum heldur stefndi uppi til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991.

Sanngjarnt og eðlilegt endurgjald

49. Enginn ágreiningur er um að reikningar stefnanda eru vegna verks sem stefndi bað stefnanda um að vinna fyrir sig en aðilar hafa átt í að því er virðist löngu og ágætu viðskiptasambandi. Um var að ræða uppsetningu á verksmiðju og nokkuð umfangsmikið og flókið verk. Stefnandi byggir á því að verkið hafi reynst umfangsmeira en gera mátti ráð fyrir og útgefnir reikningar endurspegli það. Stefndi hins vegar byggir á því, þ.e. varðandi fjárhæð stefnukrafna, að reikningar stefnanda séu of háir m.v. verkið og einkum og sér í lagi sé krafan of há í ljósi þess að stefnandi hafi notað mun meira af ófaglærðum starfsmönnum en búast mátti við en krefjist hins vegar sama endurgjalds fyrir vinnu faglærðra og ófaglærðra.

50. Til að renna stoðum undir þennan málartilbúnað sinn óskaði stefndi mats, sbr. matsspurningu 1 í framlagðri matsgerð málsins. Niðurstöður hennar um þetta atriði eru raktar í lið 42 hér að framan. Í samandreginni niðurstöðu segja matsmenn að þeir telji ekki um bersýnilega óeðlilegt endurgjald að ræða og álagning á efni sé lítil sem engin. Tímaskráning var hins vegar talin í hærra lagi en ekki þó gerðar athugasemdir við hana í samhengi við úrlausnarefnið þar sem aukinn fjöldi var talinn eiga sér skýringar. Vinna og þá umfang verksins var ekki sundurgreint í þaula en ákveðið að taka tillit til 20% álags og óvissu og jafnframt að miða við ákvæðisgrundvöll rafvirkja. Niðurstaðan varð sú að m.v. þann grundvöll væri fjárhæð umkrafins endurgjalds 5,3% hærri en leiddi af honum.

51. Fyrir dómi svaraði matsmaðurinn Símon R. Unndórsson spurningum um þetta atriði og fór yfir framkvæmd matsins að þessu leyti, m.a. að fyrir utan framangreindan grunn væri vettvangur skoðaður m.t.t. hæðarálags, umhverfis og annars slíks. Niðurstaða hans var afdráttarlaus um að hann teldi ekki um að ræða *ofrukkun*.

52. Dómurinn telur því engin efni til að lækka fjárhæð umkrafinna reikninga á grundvelli þess að stefnandi hafi krafist endurgjalds sem teljist ósanngjarnt eða *til muna herra en sanngjarnt getur talist* eins og það er orðað af stefnda. Á stefnda hvílir samkvæmt meginreglum kröfuréttar sönnunarbyrði í þessum efnum sem hann hefur ekki axlað og engin ástæða eða forsendur eru að mati dómsins til að lækka sjálfkrafa endurgjald

á grundvelli þess að sama gjald hafi verið innheimt fyrir vinnu faglærðra og ófaglærðra, m.v. málatilbúnað stefnda. Ekki var samið fyrirfram um verð fyrir þjónustu stefnanda heldur virðist verðlagning hafa tekið mið af fyrri viðskiptum aðila. Burtséð frá því ber stefnda, sbr. framangreint, að greiða stefnanda uppsett verð fyrir verkið samkvæmt framlögðum reikningum og fylgigögnum, sbr. meginreglu sem m.a. sækir stuðning til 45. gr. lausafjárkaupalaga, nr. 50/2000 sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 167/2006.

Gagnkröfur stefnda til skuldajafnaðar

53. Þá kemur til skoðunar hvort stefndi eigi gagnkröfur á hendur stefnanda til skuldajafnaðar alls að fjárhæð 18.560.594 kr., sbr. samantekt stefnda í liðum 39–40 í dómnum. Stefnandi hefur ekki mótmælt fjárhæðum eða að skilyrði skorti í sjálfu sér til skuldajafnaðar ef kröfur eru á annað borð til staðar. Verður enda að mati dómsins enginn ágreiningur gerður um að verði talið að stefnandi beri ábyrgð á því tjóni sem varð á títtnefndum efnatanki stefnda standi skilyrði til þess að lýsa yfir skuldajöfnuði af hálfu stefnda enda kröfurnar samrættar, milli sömu aðila, gjaldkræfar og hæfar til að mætast. Stefnandi mótmælir því hins vegar að hann beri á grundvelli saknæmra mistaka starfsmanns eða starfsmanna sinna, og þá á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar, að bæta stefnda það tjón sem varð á efnatankinum.

Tjón á efnatanki

54. Leggja verður til grundvallar að það tjón sem varð á tankinum hafi orðið við ótímabæra ræsingu hans, sbr. framangreint. Bendir enda allt til þess, sbr. matsgerð málsins sem byggði m.a. á því áliti framleiðenda tanksins að tjónið megi rekja til þessa utanaðkomandi atviks eftir að tankurinn var settur upp og styðja öll verksummerki þá niðurstöðu sem og umfang og gerð tjónsins. Stefnandi lýsti enda atvikinu sjálfur í tjóns-tilkynningu á eftirfarandi veg: *Tjónvaldur fór og vann hefðbundna vinnu en sá ekki og vissi ekki af flutningsstífum sem voru inní tankinum og ollu tjóninu.*

55. Tankurinn kom ásamt öðrum hlutum þeirrar verksmiðju sem verið var að setja upp og voru allir munir skoðaðir af sérfræðingum stefnda við komu eðli máls samkvæmt. Hefur þeim fullyrðingum stjórnanda verksins, þ.e. við uppsetningu á verksmiðjunni, ekki verið andmælt að við skoðun tanksins á vettvangi við komu hafi ekki verið merki um tjón og jafnframt að stefndi hafi keypt tankinn, að vísu notaðan, en með nýjum glerungi að innan. Því verður talið sannað að tjónið hafi orðið með þessum hætti enda ekkert sem bendir til þess eða bent verið á aðrar orsakir, sbr. og umfjöllun í matsgerð, sjá lið 44 hér að framan.

56. Af framlögðum gögnum málsins, þ.m.t. afdráttarlausri niðurstöðu í matsgerð og framburði fyrir dómi, telst þannig að mati dómsins sannað að tjónið sem sannanlega varð á efnatankinum megi rekja til þess þegar starfsmaður stefnanda, mjög líklega sá starfsmaður sem sá um tengingu tanksins við rafmagn, setti tankinn

í gang örstutta stund, en jafnvel allt eins forsvarsmáður stefnanda sem gerði slíkt hið sama einhverju síðar þegar hann gekk um svæðið með stjórnanda verksins.

57. Ekki liggur fyrir hvort sá starfsmaður sem tengdi búnaðinn hafi tengt nákvæmlega sams konar búnað áður en hann kvaðst þó fyrir dómi, hafa vitað þegar hann prófaði að gangsetja búnaðinn að við það myndi hann setja í gang snúning/hræru í innanverðum tankinum. Hér athugast jafnframt að umræddur starfsmaður hafði ekki lokið sveinsprófi í rafiðn þótt hann hafi verið við það að ljúka námi. Augljóst má vera manni sem starfað hefur á þessu sviði, og jafnvel leikmanni, að um dýran búnað er að ræða. Svo virðist sem að a.m.k. umræddum starfsmanni hafi ekki verið tiltækar handbækur um meðhöndlun tanksins og tengingar við hann. Þess heldur hefði viðkomandi átt að hafa allan varann á áður en hann ákvað að setja í gang umræddan búnað og kanna þá sérstaklega áður en hann gangsetti hvort einhver fyrirstaða væri ofan í tankinum en slíkt hlýtur að vera ávísun á tjón eða a.m.k. skyldi slíkt ekki koma á óvart. Þá verður að líta svo á að beiðni um tengingu á flóknum rafbúnaði/iðnvél við rafmagn felur vart í sér sjálfkrafa heimild til að gangsetja slíkan búnað. Verður því ekki séð að meintur skortur á handbókum um uppsetningu eða tengingu á búnaðinum hefði skipt sköpum í þeim efnum. Af stefnu verður og ekki annað ráðið en að stefnandi byggi á því að hann hafi mátt gera ráð fyrir því við ræsingu búnaðarins að flutningsstífur hefðu verið fjarlægðar, en það bendir þá til þess að stefnandi hafi gert ráð fyrir því að slíkar stífur hefði verið í tankinum á einhverjum tímapunkti.

58. Þá liggur aukinheldur fyrir og varð framburður starfsmannsins fyrir dómi ekki skilinn öðruvísi en svo að hann kannaðist við og tæki undir lýsingar Joseph Hughes verkfræðings sem hafði yfirumsjón með uppsetningu á verksmiðjunni fyrir stefnda að önnur uppsett tæki og tanka hafi ekki mátt gangsetja og þau hafi ekki verið gangsett án þess að allir ferlar væru yfirfarnir áður og undir eftirliti yfirmanns stefnda, að viðstöddum m.a. starfsmönnum stefnanda og eftir atvikum öðrum sérfræðingum.

59. Dómurinn telur að sú háttsemi starfsmanns stefnanda umrætt sinn að gangsetja tankinn, sem var fyrsta gangsetning tanksins eftir að hann kom úr flutningi og var uppsettur á staðnum, án þess að gera sjáanlega minnstu tilraun til þess að athuga hvað myndi gerast og hvað gæti jafnframt gerst, þ.m.t. hvort fyrirstaða væri eða jafnvel annað tjón gæti hlotist af, hafi falið í sér saknæma og ólögmeta háttsemi gagnvart stefnda. Rétt hefði verið að kanna hvort óhætt væri að hleypa straum á tankinn og setja þannig búnaðinn í gang, t.d. með því að opna mannop á toppi tanksins og kíkja ofan í hann, en við blasir að mati dómsins samkvæmt framburði fyrir dómi og framlögðum gögnum að við slíka skoðun hefði ekki getað dulist að flutningsstífur höfðu ekki verið fjarlægðar. Jafnvel þótt búast hefði mátt við því að flutningsstífur hefðu verið fjarlægðar sem er þó alls ekki sjálfgefið m.v. atvik máls og útskýringar, m.a. framleiðanda tanksins í gögnum málsins,

hefði viðkomandi starfsmaður átt að fullvissa sig um slíkt eða eftir atvikum að önnur fyrirstaða væri ekki eða aðrar ástæður sem mæltu gegn gangsetningu í stað þess að láta þetta sér að því er virðist í léttu rúmi liggja. Ein leið stóð vitaskuld til boða sem var sú að kalla eftir heimild frá þeim er stjórnaði uppsetningu verksmiðjunnar og virðist hafa stýrt öllum slíkum gangsetningum fram að því, sbr. framangreint. Þá er ljóst að ekki bætti úr skák þegar forsvarsmáður stefnanda gangsetti búnaðinn sjálfur í viðurvist stjórnanda verksins, einnig áður en flutningsstífur voru fjarlægðar, en það var a.m.k. til þess fallið að auka tjónið. Framangreind niðurstaða dómsins fær stuðning af álitum dómkvaddra matsmanna.

60. Á þessari háttsemi verður stefnandi að bera ábyrgð á grundvelli reglu skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Umfang tjóns á efnatanki og áhrif á rekstur stefnda á meðan á viðgerð stendur

61. Eins og að framan er rakið liggur fyrir matsgerð þar sem metið var tjón vegna skemmda sem raktar verða til framangreindrar háttsemi, annars vegar kostnaður við að kaupa nýjan tank í stað þess sem skemmdist og hins vegar kostnaður við að gera við tankinn með fullnægjandi hætti. Matið nær þó ekki einvörðungu til þessa beina kostnaðar heldur eru einnig metin áhrif þess á rekstur stefnda að tankurinn kemst ekki í full afköst vegna skemmdanna. Þar liggur reyndar stærsti hluti tjónsins.

62. Stefndi verður ekki skilinn öðruvísi en svo að hann telji sig fullbættan að þessu leyti með því að fá tankinn viðgerðan, enda áætlun um viðgerð og varanleika slíkrar unnin af sérfræðingi á sviðinu og fyrirhuguð viðgerð þannig að matsmenn telja hana fullnægjandi og tryggja að stefndi verði í sömu stöðu að því leyti og ef tjónið hefði ekki orðið. Gerir stefndi þannig í bókun sem lögð var fram í kjölfar matsgerðar, sbr. framangreint, ráð fyrir því að gert verði við tankinn og bótakrafa miðuð við kostnað við þá framkvæmd. Matsmenn áætla kostnað vegna viðgerðar á efnatanki nema 13.398.571 kr. með virðisaukaskatti. Nánari sundurliðun er í fylgiskjali með meginmáli matsgerðar. Þar eru stærstu liðir kostnaður vegna þess tíma sem tekur að koma gámmum í fulla notkun, en fyrir lá í upphafi matsstarfa að þar sem skemmdin á tankinum væri það ofarlega í honum væri hægt að nota hann á hálfum afköstum þar til hann væri viðgerður. Af framangreindri fjárhæð nemur áætlaður kostnaður vegna tafa á gangsetningu 1.945.680 kr. og kostnaður vegna fjögurra mánaða tíma á 50% afköstum 8.490.240 kr.

63. Matsgerð málsins er vel unnin og rökstudd og aðilum máls í matsferlinu gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum en haldnir voru þrír matsfundir. Stefndi hefur ekki gert rökstuddar athugasemdir við matsgerðina sem slíka, framkvæmd matsins eða niðurstöður þess tölulega. Dómurinn telur enda ekkert sem

dregur úr gildi matsgerðarinnar sem hefur þannig ekki verið hnekkð og telur rétt að leggja hana til grundvallar við ákvörðun á umfangi tjóns stefnda. Verður því fallist á að krafan komi til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda að þessu leyti og að frá stefnukröfum dragist 13.398.571 kr. m.v. 31. júlí 2023 líkt og stefndi gerir kröfu um.

Aðrar kröfur stefnda til skuldajafnaðar

64. Í greinargerð stefnda er tekið fram að stefnandi hafi gengist við því að hann beri ábyrgð á því tjóni sem stafaði af straumrofi í verksmiðjunni sem olli rekstrarstöðvun 2.–9. maí 2023. Samskipti og kröfugerð aðila eru nokkuð á reiki varðandi þennan þátt málsins. Af málatilbúnaði aðila verður þó ráðið að stefndi hafi nú þegar fengið bættan hluta af því tjóni, sem rekja mátti til framangreindrar stöðvunar. Stefnandi hafnar því að þessar kröfur verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur hans eingöngu á þeim grundvelli að fyrir liggir nú þegar að þær verði greiddar af réttargæslustefnda. Því til staðfestingar lagði stefnandi í upphafi aðalmeðferðar fram yfirlýsingu réttargæslustefnda um að félagið hefði samþykkt greiðslu á 3.263.451 kr. vegna tjóns af völdum rekstrarstöðvunar, sbr. framangreint auk þess sem ganga virðist mega út frá því að sama eigi við um kröfu stefnda sem leiddi af matsspurningu 5, sbr. framangreint, að fjárhæð 88.412 kr.

65. Ekki verður hins vegar horft framhjá því að stefnandi ber gagnvart stefnda ábyrgð á framangreindu tjóni þótt réttargæslustefndi hafi viðurkennt greiðsluskyldu. Bótaábyrgð stefnanda vegna þessa tjóns hefur þannig ekki verið mótmælt þrátt fyrir t.a.m. áskorun í þeim efnunum í bókun stefnda sem lögð var fram 26. janúar sl. og fyrir liggur matsgerð, sbr. framangreint um fjárhæð tjónsins m.v. þær forsendur sem í matsbeiðni var gengið út frá. Þá athugast að ekki liggja fyrir í málinu upplýsingar um að 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða 44. gr. laga nr. 30/2004 standi þessu í vegi enda á hvorugu byggt af hálfu stefnanda. Verður því að líta svo á að stefnandi losni ekki undan ábyrgð sinni vegna þessa tjóns fyrr en slíku uppgjóri er að fullu lokið og vanreifað af hálfu stefnanda hvers vegna ekki ætti að fallast á skuldajöfnuð við lögvarða kröfu stefnda í þessu tilviki. Við aðalmeðferð hafði ekkert uppgjör átt sér stað á framangreindum grundvelli og tjónið því óbætt. Er því óhjákvæmilegt að fallast á að framangreindar kröfur komi til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda, samtals 3.351.863 kr.

66. Stefndi gerir þá kröfu um að fá greiddan kostnað við öflun matsgerðar og að hann komi til frádráttar stefnukröfum, en kostnaður þessi nemur 1.810.160 kr. Kostnaður við öflun matsgerðar verður talinn til málskostnaðar, sbr. e- og g-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Um matskostnað verður því fjallað samfara eftirfarandi umfjöllun um málskostnað. Stefndi hefur undir rekstri málsins ekki haft aðrar kröfur uppi til skuldajafnaðar, sbr. bókun hans og málflytning við aðalmeðferð, þrátt fyrir upplegg í greinargerð málsins.

67. Með vísan til alls framangreinds verður því fallist á að stefnda beri að greiða útgefna reikninga stefnanda að fullu með 18.363.504 kr. en til frádráttar stefnukröfum komi sem greiðsla á grundvelli skuldajafnaðar krafa stefnda á hendur stefnanda vegna tjóns á efnatanki, alls að fjárhæð 13.398.571 kr. m.v. 31. júlí 2023 og greiðslur sem rekja má til tjóns vegna straumrofs að fjárhæð 3.351.863 kr. sem mæta stefnukröfum miðað við 9. maí 2023 sem markaði lok tjónstímabils sbr. kröfugerð stefnda en sú dagsetning hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Eftir standa kröfur stefnanda að fjárhæð 1.613.070 kr. Kröfu stefnanda um dráttarvexti er óhjákvæmilegt að vísa frá dómi af sjálfsdádum, sbr. dómaframkvæmd, þar sem hvorki er getið vaxtafótar né viðeigandi lagaákvæðis í kröfugerð stefnu, sjá t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 888/2019.

68. Fallast verður á það með stefnda að nauðsynlegt hafi verið fyrir hann að afla matsgerðar til að staðreyna kröfur sínar samkvæmt framangreindu og þar vísað einkum til þess tjóns sem varð á efnatankinum og samþykkt hefur verið til skuldajafnaðar við kröfum stefnanda. Matsbeiðni var þó að hluta til umfangsmeiri en efni stóðu til og drátt sem var á matsstörfum, auk þess sem bætt var við matsspurningu undir lok matsstarfa, en hvort tveggja var til þess fallið að auka matskostnað, verður að telja á ábyrgð matsbeiðanda, stefnda í málinu. Með vísan til þessa og úrslita málsins verður stefnanda gert að greiða hluta af málskostnaði stefnda, eða 1.400.000 kr. Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður að öðru leyti og hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

69. Málið fluttu Jónatan Hróbjartsson lögmaður fyrir hönd stefnanda og Jóhann Fannar Guðjónsson lögmaður fyrir hönd stefnda.

70. Málið dæmdu Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari sem dómsformaður auk Einars Karls Hallvarðssonar héraðsdómara og Sigurðar Grímssonar rafmagnstæknifræðings.

D Ó M S O R Ð

Kröfu stefnanda um dráttarvexti er vísað frá dómi.

Stefndi, Alur Álvinnsla ehf., greiði stefnanda, Straumbroti ehf., 1.613.070 kr.

Stefnandi greiði stefnda 1.400.000 kr. í málskostnað, sem fellur að öðru leyti niður.

Lárentsínus Kristjánsson

Einar Karl Hallvarðsson
Sigurður Grímsson